

Bolungarvík 23.3 2023

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7
105 Reykjavík

Umsögn um matskyldu:
ÁFRAMHALDANDI EFLING OFANFLÓÐAVARNA VIÐ FLATEYRI

Heilbrigðiseftirlitið hefur yfirfarið fyrirspurn um matskyldu vegna áframhaldandi eflingar ofanflóðavarna við Flateyri. Framkvæmdin sjálf kemur ekki inná eða í nágrenni við vatnsverndarsvæði í Klofningsdal. **Bent er á að aflagður urðunarstaður er við Klofning tveir grunnvatnsbrunnar eru fyrir neðan veg sem taka þarf tillit til.**

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða heilbrigðiseftirlits að fyrirhuguð efling snjóflóðavarna við Flateyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum

Virðingarfyllst

Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. mars 2023
Málsnúmer: 202302-0047
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu eflingu ofanflóðavarna við Flateyri

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 22. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Ofanflóðasjóðs á ofanflóðavörnum við Flateyri eigi að vera háðar mati á umhverfisáhrifum eða ekki.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri framkvæmdir við ofanflóðavarnir á Flateyri, þann 24. júní 2021. Stofnunin taldi þær framkvæmdir sem fólu í sér víkkun flóðrásar ekki vera háða mati á umhverfisáhrifum.

Nú er stefnt að frekari framkvæmdum og er þar um að ræða uppbyggingu þriggja keiluraða ofan núverandi leiðigarða bæði austan og vestan megin, hækkun og endurbygging þvergarðs milli leiðigarða, mótun flóðrásar úr frá Skollahvilftargarði, efling vesturhlið eystri leiðigarðs og bygging á lágum leiðigarði ofan hafnar.

Um töluverðar framkvæmdir er að ræða en þær verða að stærstum hluta á þegar röskuðu svæði.

Efnisþörf er umtalsverð og verður efni að mestu sótt í Klofningsnámu utar í Önundarfirði og er þörf á töluverðri stækkun hennar. Þá þarf að opna smærri grjótnámu vestan við Klofningsnámu.

Umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er líst vandlega í tilkynningunni. Náttúrufræðistofnun tekur undir að áhrif á jarðmyndanir geta talist óveruleg enda jarðminjar á svæðinu að stórum hluta raskaðar nú þegar.

Gróðurlendi sem verða fyrir raski vegna framkvæmdarinnar eru að stærstum hluta alalskalúpína og skógarkerfill sem mynda þéttar breiður. Um framandi ágengar tegundir er að ræða og verndargildi þeirra því ekkert. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ástæða er til að hefta frekari útbreiðslu tegundanna út fyrir framkvæmdasvæðið og t.d. þarf að huga vandlega að hvar jarðvegi af svæðinu er fargað og koma í veg fyrir að plöntunum sé dreift á nýja útbreiðslustaði í Önundarfirði. Inn á milli finnast vistgerðir með nokkuð hátt verndargildi en flatarmál þeirra er ekki viðamikil. Einkum eru það votlendisvistgerðir þar sem flóðrás úr Skollahvilftargarði er áætluð. Um mjög lítið svæði er að ræða.

Fuglalíf hefur verið kannað á svæðinu við gerð núverandi snjóflóðavarnargarða og er fyrst og fremst um algengar mófuglategundir að ræða. Miðað við útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils má áætla að tegundafjölbreytni sé mögulega minni nú en þegar könnunin var gerð því tegundir eins og spói, heiðlóa og snjótittlingur forðast svo hávaxinn gróður. Fjallað er ítarlega um möguleg áhrif á fuglalíf í tilkynningunni m.a. á framkvæmdatíma og þ.m.t. á fuglalíf á hafnarsvæðinu. Náttúrufræðistofnun telur umfjöllunina góða.



Ljóst er að áhrif á ásýnd lands og landslag verða mest enda verða ofanflóðavarnir meira áberandi en þær eru í dag og ný form bætast við, einkum keiluraðirnar. Þó er um að ræða landslag sem er að stórum hluta umbreytt og manngert vegna núverandi varnargarða. Uppgræðsla getur dregið úr ásýndaráhrifum. Náttúrufræðistofnun leggur til að forðast sé að nota áfram alaskalúpínu fyrir uppgræðslu og frekar reynt að stemma stigu við útbreiðslu hennar á svæðinu. Rækta ætti birki og víðitegundir í stað lúpínu og skógarkerfils þar sem því verður komið við.

Náttúrufræðistofnun telur tilkynninguna gera fullnægjandi grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og að ekki sé ástæða fyrir umhverfismati. Um brýna framkvæmd er að ræða í ljósi öryggissjónarmiða og aðrir valkostir ólíklegir.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun

B.t. Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

**Efni: Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri – fyrirspurn um matskyldu**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna tilkynningar sem unnin var af Verkís um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vegagerðin skal í umsögn sinni gefa álit á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga.

Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fram kemur að áform framkvæmdaraðila feli í sér að reistar verði þrjár keiluraðir ofan núverandi leiðigarða til þess að draga úr flóðhraða. Þvegarður milli leiðigarða verði hækkaður og endurbyggður brattur með líttillega breyttri legu. Efla vesturhlíð fleygs ofan Sólbakka. Byggja lágan en brattan leiðigarð ofan hafnar til þess að beina flóðum frá höfn.

Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2023
MÍ202303-0076/ 6.07 / K.M.

Efni: Efling ofanflóðavarna við Flateyri.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 22. feb. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Stefnt er að eflingu ofanflóðavarna við Flateyri á næstu árum. Í kynningarskýrslu segir að fyrirhuguð styrking snjóflóðavarnargarðanna felist í að reistar verði þrjár keiluraðir ofan núverandi leiðigarða til þess að draga úr flóðhraða í bæði iðufaldi og þéttum kjarna áður en flóð lendir á leiðigarði og aðskilja iðufald og þéttan kjarna í flóði. Þvergarður milli leiðigarða verði hækkaður og endurbyggður brattur með lítillaga breyttri legu, til þess að draga úr hættu á yfirflæði stórra snjóflóða. Móta eigi flóðrás út frá Skollahviltargarði, til þess að auka virka hæð garðsins og tryggja óhindrað rennsli snjóflóða út í sjó. Efla eigi vesturhlið fleygs ofan Sólbakka. Og byggja eigi lágan en brattan leiðigarð ofan hafnar til þess að beina flóðum frá höfn. Í framkvæmdinni felst einnig stækkun Klofningsnámu E7 í Önundarfirði úr um 1,9 ha í um 3,3 ha.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.5 í kynningarskýrslu. Eins og þar kemur fram var Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur fenginn til að kanna mögulegar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ragnar skráði fornleifar milli Eyrar og Hvilftar 1996 þegar upphaflegi snjóflóðavarnargarðurinn var byggður og austan megin við varnargarðinn 2021 vegna hreinsunar og víkkunar á flóðrásinni.

Fyrir liggur skýrsla Ragnars Edvardssonar frá árinu 1996, *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarnavirkja á Flateyri*. Þá liggja fyrir tvær greinargerðir frá Ragnari. Önnur frá 2021, *Fornleifaskráning vegna viðbótarframkvæmda við snjóflóðavarnargarð á Flateyri* og hin frá 2022, *Fornleifaskráning vegna tilvonandi breytinga við snjóflóðavarnargarð á Flateyri*.

Eins og fram kemur í kynningarskýrslu eru fjórar minjar skráðar nærri vesturjaðri fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og neðst á svæðinu austanverðu er talið að undir sverði gætu leynst minjar tengdar hvalveiðistöð Norðmanna frá 19. öld. Framkvæmdasvæðið er að hluta

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

innan hverfisverndarsvæðis (H19 – Sólbakka Flateyri). Markmið hverfisverndarinnar er að vernda menningarminjar tengdar hvalveiðistöð sem tók til starfa á svæðinu 1889. Staðsetning minjanna er sýnd á mynd 5-2 í skýrslunni. Í skýrslunni segir að framkvæmdasvæðið við höfnina sé staðsett á uppfylling og að þar séu því engar minjar.

Í kynningarskýrslunni segir að minjarnar fjórar vestan megin á svæðinu séu allar utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og að staðsetning þeirra verði merkt til að koma í veg fyrir rask á svæðinu. Minjarnar fjórar sem um ræðir eru, möguleg staðsetning bæjarstæðis Eyrar (2336788-1), rúst (2336788-2), kálgarður (2336788-3) og lítil gróin upphækkun (2336788-4). Rústin og kálgarðurinn eru sýnilegar og vel afmarkaðar minjar. Þær eru rétt utan við mörk framkvæmdasvæðisins skv. mynd 5-2. Auðvelt ætti því að vera að koma í veg fyrir að þær raskist verði þær merktar vel, t.d. girtar af, á meðan á framkvæmdum stendur. Upphækkunin (2336788-4) er í nokkurri fjarlægð frá mörkum framkvæmdasvæðisins og verður merkt til að koma í veg fyrir að hún raskist.

Í greinargerð Ragnars Edvardssonar frá 2021 kemur fram að samkvæmt rituðum heimildum var jörðin Eyri í byggð frá landnámsöld og fram á 20. öld. Samkvæmt örnefnaskrá stóð upphaflegi bærinn undir Eyrarhjöllum, þ.e. á svæði fyrir ofan hesthúsið sem þar stendur nú. Í greinargerðinni segir að þessu svæði hafi verið mikið raskað á seinni hluta 20. aldar vegna malarnáms, stækkunar túna og annarra framkvæmda og að líklegt sé að bæjarstæði Eyrar hafi verið eyðilagt við þessar framkvæmdir. Hugsanlegt sé þó að við jarðrask á því svæði þar sem Eyrarbærinn stóð áður geti fornminjar komið í ljós.


Engin ummerki sjást um bæjarstæði Eyrar (2336788-1) en staðsetning þess er sýnd skammt sunnan við mörk framkvæmdasvæðisins nærri vesturenda þess. Ef bærinn hefur staðið á þessum slóðum getur minjasvæði hans náð yfir talsvert stórt svæði. Einum bæ fylgja útihús, smiðja, skemmur o.fl. auk túngarðs sem girti af heimatúnið. Leifar mannvirkja og mannvistarlög gætu því leynst undir sverði á stóru svæði í kringum sjálf bæjarhúsin. Minjastofnun telur að fá þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis næst þeim stað þar sem bærinn er talinn hafa staðið. Niðurstöður slíkrar rannsóknar kunna að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á svæðinu áður en framkvæmdir við ofanflóðavarnir hefjast.

Í kynningarskýrslu segir að ætlunin sé að fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði á svæðinu þar sem hvalveiðistöðin stóð til að kanna hvort leifar hennar eru enn undir yfirborði. Minjastofnun minnir á að niðurstöður slíkar rannsóknar kunna að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á svæðinu áður en framkvæmdir geta hafist.

Fjallað er um efnisnotkun og haugsetningu í kafla 2.2 í kynningarskýrslu. Þar segir að garðar og keilur verði byggðar upp úr efni innan framkvæmdasvæðis (fláafylling). Styrkta fyllingu í bratta hluta í flóðhlið garðanna og keilnanna, sem og í undirstöður garða og keilna, þurfi að sækja úr námum. Námurnar sem um ræðir eru Klofningsnáma sem merkt er E7 í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og gömul náma vestan við Klofningsnámu. Stækka þarf Klofningsnámu úr um 1,9 ha í um 3,3 ha og áætlað er að flatarmál efnistökusvæðis í gömlu námunni verði tæplega 1,7 ha. Þá er áætlað að haugsetja 40 þús. m³ af efni við Klofningsnámu. Minjastofnun telur að fá þurfi fornleifafræðing til að skoða svæðin sem stækkun námanna nær til og fyrirhugað haugsetningarsvæði. Gera þarf stofnuninni grein fyrir niðurstöðum athugunarinnar og mun hún þá ákveða hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða vegna framkvæmda á þessum svæðum og hverjar þær skuli vera.

Að því gefnu að gengið verði að skilyrðum Minjastofnunar sem fram koma hér að ofan telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón Smári Jónsson (jon.smari.jonsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsstofnun

Bt. Jóns Smára Jónssonar

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Skipulag@skipulag.is; jon.smari.jonsson@skipulag.is

Dags. 16.03.2023

Tilv. 5618-0-0005

Mál 2023-0070

Með erindi dags. 22. febrúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um áframhaldandi eflingu ofanflóðavarna við Flateyri.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við framkvæmd þessa.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason

Forstjóri Veðurstofu Íslands

Skipulags- og mannvirkjanefnd - 604 2022070037 - Ofanflóðavarnir við Flateyri - breytingar mannvirkja eftir snjóflóð 2020

Til : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Guðmundur Rafn Kristjánsson <gudmundurk@isafjordur.is>
Heiti : Skipulags- og mannvirkjanefnd - 604 2022070037 - Ofanflóðavarnir við Flateyri - breytingar mannvirkja eftir snjóflóð 2020
Málsnúmer : 202302010
Málsaðili : Ofanflóðasjóður
Skráð dags : 09.03.2023 00:00:00
Höfundur : Guðmundur Rafn Kristjánsson <gudmundurk@isafjordur.is>

Sæll Jón Smári!

Að neðan er bókun skipulags- og mannvirkjanefndar frá fundi nefndarinnar fyrr í dag.

Kveðja,

Guðm Rafn

2022070037 - Ofanflóðavarnir við Flateyri - breytingar mannvirkja eftir snjóflóð 2020

Lagður fram tölvupóstur Jóns Smára Jónssonar, f.h. Skipulagsstofnunar, dags. 22. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fyrirspurnar um matskyldu vegna "Áframhaldandi eflingar ofanflóðavarna við Flateyri". Jafnframt er lagt fram skjalið "Áframhaldandi eflingar ofanflóðavarna við Flateyri, fyrirspurn um matskyldu, mat á umhverfisáhrifum", unnið af Verkís, dags. 01. febrúar 2023. Umsagnarfrestur er til 22. mars 2023.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Nefndin telur að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem svæðið er að mestu leiti manngert.

RE Beiðni um umsögn - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri

Til : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>;Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
CC : Agnes Þorkelsdóttir <agnes.thorkelsdottir@umhverfisstofnun.is>
Heiti : RE Beiðni um umsögn - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri
Málsnúmer : 202302010
Málsaðili : Ofanflóðasjóður
Skráð dags : 23.02.2023 00:00:00
Höfundur : Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Viðhengi [image005.jpg](#)
[image004.png](#)
[image003.png](#)

Góðan dag,

Umhverfisstofnun mun aðeins veita umsagnir þegar stofnunin er í lögum falið að vera umsagnaraðili nema talið sé sérlega mikilvægt að stofnunin veiti umsögn.

Umhverfisstofnun lögbundinn umsagnaraðili við gerð frummatsskýrslu framkvæmdaraðila, skv. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá er Umhverfisstofnun lögbundinn umsagnaraðili þegar stofnunin er leyfisveitandi, svo sem samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. **Með hliðsjón af framangreindum ákvæðum mun stofnunin ekki veita umsögn.** Aftur á móti telji Skipulagsstofnun mikilvægt að Umhverfisstofnun veiti umsögn um ofangreinda framkvæmd getur Skipulagsstofnun óskað sérstaklega eftir umsögn með vísan í sérstakt mikilvægi.

Bestu kveðjur, Best regards
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri
Teymi starfsleyfa og umsagna



From: Umhverfisstofnun
Sent: miðvikudagur, 22. febrúar 2023 15:10
To: Agnes Þorkelsdóttir ; Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Subject: FW: Beiðni um umsögn - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri

UST202302-352

Bestu kveðjur, Best regards
Ingibjörg Ingadóttir
Skjalastjóri, Records manager
Svið þjónustu og fjármála, Department of Service and Finance



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
www.ust.is

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: www.ust.is/disclaimer

From: Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 22. febrúar 2023 14:25
To: postur@isafjordur.is; eftirlit <eftirlit@hevf.is>; postur@minjastofnun.is; Móttaka - NI <mottaka@ni.is>; Umhverfisstofnun <ust@ust.is>; Veðurstofa Íslands <skrifstofa@vedur.is>; Vegagerðin - VG <Vegagerdin@vegagerdin.is>
Cc: Anton Helgason <anton@hevf.is>; Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>; Snorri Sigurðsson - NI <snorri.sigurdsson@ni.is>; Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>; Páll Valdimar Kolka Jónsson - VG <pall.v.k.jonsson@vegagerdin.is>
Subject: Beiðni um umsögn - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri

Góðan dag,

Ofanflóðasjóður hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 20. febrúar 2023, um áframhaldandi eflingu ofanflóðavarna við Flateyri skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að umsagnaraðili gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 22. mars 2023 á tölvupóstföngin: skipulag@skipulag.is og jon.smari.jonsson@skipulag.is

Með kveðju,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun





